

**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG
NORÐUR BREIÐFIRÐINGA**



Árskýrsla 2023



Aðildarfélög

og formenn félaga við lok árs 2023



Glímufélag Dalanna

Jóhann Eysteinn Pálmason



Hestamannafélagið Glaður

Valberg Sigfússon



Íþróttafélagið Undri

Guðrún B. Blöndal



Ungmennafélagið Afturelding

Styrmir Sæmundsson



Ungmennafélagið Dögun

Hrefna S. Ingibergsdóttir



Ungmennafélagið Ólafur Pá

Jón Egill Jónsson

Ungmennafélagið Stjarnan

Arnar Eysteinnsson

Ungmennafélagið Æskan

Sigríður Fjóla Miklaelsdóttir

Ávarp formanns

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024 í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

Efnisyfirlit

Stjórn Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga starfsárið 2023-2024	5
Þingfulltrúar	6
Starfsemi UDN	7
102. þing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.	8
Íþróttamaður UDN 2021 og 2022	9
Stjórnarfundir	9
76. íþróttaping ÍSÍ	9
Vorfundur UMFÍ	10
Be active - Íþróttavika Evrópu	10
Sambandsþing UMFÍ	11
Formannafundur ÍSÍ	11
Unglingalandsmót UMFÍ	12
Kvöldmót	12
UDN hlaup	12
Lokahóf UDN	12
Samstaða um eflingu íþróttastarfs	13
Lottó úthlutun - samþykkt á sambandsþingi 24. apríl 2023	14
Viðurkenningar	15
Íþróttamanneskja UDN 1982-2022	16
Reikningar UDN 2023	17

Stjórn Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga starfsárið 2023-2024

Formaður; Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Varaformaður; Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

Gjaldkeri; Guðrún Birna Blöndal

Ritari; Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

Meðstjórnandi; Sindri Geir Sigurðarson

Varamaður; Sandra Rún Björnsdóttir

Varamaður; Skjöldur Orri Skjaldarson

Þingfulltrúar

Fjöldi félagsmanna 16 ára og eldri

Aðildarfélag	skv. félagatali um áramót	Þingfulltrúar
Umf. Afturelding	58	3
Umf. Stjarnan	180	9
Umf. Dögun	60	3
Umf. Ólafur Pá	120	6
Umf. Æskan	165	9
Íþróttafélagið Undri	35	2
Glímufélag Dalamanna	46	3
Hestamannafélagið Glaður	119	6

7. grein laga UDN

Á sambandsþingi eiga sæti fulltrúar frá félögum þeim sem í sambandinu eru á hverjum tíma. Hvert félag má senda einn fulltrúa fyrir hverja byrjaða tvo tugi 16 ára og eldri. Miðast það við félagatölu sem gefin er upp á skýrslum um hver áramót.

Starfsemi UDN

Starfsemi Héraðssambanda hefur breyst talsvert undanfarin ár og snýr mest að umsýsluþáttum ef svo má segja. Samkvæmt 6. Kafla, 46.2 grein ípróttalaga ÍSÍ segir eftirfarandi um hlutverk héraðssambanda/ípróttabandalaga.

- a) Að stjórna sameiginlegum ípróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um ípróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd ípróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu ípróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.
- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og ípróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/ípróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/ípróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- i) Að tryggja góða stjórnarhætti innan héraðssambandsins/ípróttabandalagsins.

Farið er yfir það helsta í störfum í UDN ársins 2023 hér að neðan.

102. þing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

102. sambandsþing UDN var haldið í Árbliki 24. apríl 2023 í boði Ungmennafélagsins Æskunnar. Þar voru mættir fulltrúrar aðildarfélaganna. Dagskrá þingsins var í hefðbundnu aðalfundaformi. Guðlaug Kristinsdóttir var þingforseti og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Sindri Geir Sigurðarson ritarar.

Gestir

Á þingið mættu góðir gestir. Guðmundur Sigurbergsson fulltrúi UMFÍ og Garðar Svansson fulltrúi ÍSí. Þeir fluttu ávarp og góðar kveðjur af Engjaveginum.

Skýrsla stjórnar, ársreikningar og tillögur

Á þinginu var farið yfir ársreikning, skýrslu stjórnar og tillögur og sköpuðust góðar umræður í kjölfarið. Ber þar helst að nefna umræður um nýjar úthlutunarreglur lottótekna og lagabreytingar.

Stjórn UDN

Kosin var stjórn UDN. Vegna lagabreytingar sem gerð var fyrir á þinginu um stjórnarskipan UDN þá var tillaga um að öll stjórnin yrði kosin kosin. Kjósa átti um formann til tveggja ára og tvo menn í stjórn til tveggja ára. Var svo gert og eins voru tveir stjórnarmenn kosnir til eins árs. Sitjandi stjórn gaf öll kost á sér áfram og fékk endurkjör. Jóhanna Sigrún Árnadóttir formaður, aðrir í stjórn, Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, Guðrún Blöndal, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Sindri Geir Sigurðarson. Varamenn í stjórn voru kosnir Sandra Rún Björnsdóttir og Skjöldur Orri Skjaldarson. Stjórn óskað velfarnaðar.

Íþróttamaður UDN 2021 og 2022



2022 Guðbjört Lóa



2021 – Jóhanna Vigdís

Verðlaun Íþróttamanns UDN 2021 og 2022 voru veitt á sambandsþinginu. Jóhanna Vigdís Pálmadóttir var kjörin íþróttamaður ársins 2021 og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir 2022. Báðar voru þær tilnefndar og kjörnar vegna góðs árangurs í glímu.

Stjórnarfundir

Árið 2023 voru sjö formlegir stjórnarfundir haldnir. Fjórir staðfundir og þrjú fjárfundir (TEAMS). Einn vinnufundur var haldinn. Spjall vettvangur rafrænt var einnig mikið nýttur til að halda utan um það sem rætt var á fundum, verkefni eins og lokahóf og íþróttaviku Evrópu. Formannafundur var haldinn í febrúar. Þar var góð mæting fulltrúa og góðar umræður.

76. Íþróttþing ÍSÍ

Íþróttþing ÍSÍ fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí 2023. Kosið var um helming stjórnar og fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ var staðfestur. Sjö nýir Heiðursfélagar ÍSÍ voru kjörnir á þinginu, fimm einstaklingar voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ og tvö Gullmerki veitt. Á þinginu voru teknar fyrir breytingar á lögum ÍSÍ og einnig voru þar til umfjöllunar fjölmörg mál er varða hagsmuni hreyfingarinnar. Unnið er að þeim málum á milli þinga.

Tillagan um stofnun svæðisskrifstofa íþróttahéraða um landið allt í samstarfi við UMFÍ og stjórnvöld var án efa stærsta mál þingsins. Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta og þeim

fyrirvara að hún yrði einnig samþykkt á sambandsþingi UMFÍ og að stjórnvöld kæmu inn með fjármagn.

Jóhanna Sigrún, formaður UDN, fór á þingið.

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn 13. Maí 2023 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn er óformlegur fundur sambandsaðila UMFÍ. Þar koma saman forsvarsmenn sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ. Farið var yfir starfsemi UMFÍ og nýtt stjórnskipulag þjónustumiðstöðvarinnar. Eins var farið yfir þá þjónustu sem sambandsaðilum stendur til boða og þá viðburði sem voru á dagskránni. Erindi um áfallastjórnun og viðbrögð við áföllum var flutt af kennurum frá Háskólanum á Bifröst. Umræðuhópar um nýjar starfsstöðvar íþróttahreyfingarinnar voru búnir til að loknu hádegishléi. Á fundum sem þessum hittist fólk úr hreyfingunni og nær góðu spjalli á formlegan og óformlegan hátt.

Fyrir hönd UDN mætti Kolfinna Ýr varaformaður.

Be active - Íþróttavika Evrópu

23. – 30. september ár hvert er Íþróttavika Evrópu. Í stuttu máli er markmiðið með Íþróttaviku Evrópu að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Slagorð vikunnar er "BeActive" eða „Vertu virkur“ og með því er verið að hvetja alla Evrópubúa til að hreyfa sig án tillits til aldurs, bakgrunns eða líkamlegs forms. Þessi vika á að stuðla að því að einstaklingar, stjórnvöld, íþróttahreyfingin, almenningur og fleiri standi saman í því að auka þátttöku almennings í íþróttum og hreyfingu.

UDN tók þátt í Íþróttaviku Evrópu. Þrjú fyrirlestrar voru á sambandssvæðinu. „Hættu að væla, komdu að kæla“ með Andra. Margrét Lára og Einar Örn voru með fyrirlestur í fyrir unglíngastig Auðarskóla og Reykhólaskóla „Andleg og líkamleg heilsa“ og fyrirlesturinn „Þín hleðsla“ fyrir almenning. UMFA bauð upp á bogfimikynningu á Reykhólum í samfloti við Lokahóf UDN. Gönguferðir, frísbíggolf og sjósund voru einnig á dagskránni.

Stórgóðir fyrirlestrar og áhugaverð kynning á bogfimi. UDN þakkar öllum sem að viðburðunum komu með einum eða öðrum hætti. Þátttaka hefði getað verið meiri en vonandi höfðu þeir sem á

hlýddu eða tóku þátt gagn og gaman að. Það er þó ekkert annað í stöðunni en vera bjartsýnn á aukna þátttöku næst og segja „að sama tíma að ári “. 😊

Sambandsþing UMFÍ

53. sambandsþing UMFÍ var haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20. – 22. október. 180 fulltúar frá sambandsaðilum UMFÍ sóttu setningu þingsins og var þetta fjölmennasta þing í sögu UMFÍ. UDN átti tvo fulltrúa á þinginu, þær Kolfinnu Ýr varaformann og Jóhönnu Sigrúnu formann.

Á sambandsþinginu var einróma samþykkt tímamótatillaga, sem fól í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvöld. Vonir standa til með að þetta muni stórefla starf íþróttahéraðanna um allt land.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, skrifuðu undir samning um starfsstöðvarnar um miðjan desember 2023. Ráðuneytið veitir 400 milljónir króna til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSÍ og UMFÍ 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 milljónir króna í Hvatásjóð. Á hverri skrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn 24. Nóvember í Fram heimilinu í Úlfarsárdal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna og framkvæmdastjóra sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Um 100 formenn og framkvæmdstjórar sambandsaðila ÍSÍ mættu ásamt stjórn og starfsfólki ÍSÍ.

Fyrir fund voru nokkrar stuttar kynningar um mikilvæg málefni tengd íþróttum og íþróttastarfsemi. Sjálfbær íþróttamannvirki, sálfærniþjálfun í íþróttum með aðferðafræði 5C og íþróttir og farsæld barna voru kynningarnar að þessu sinni.

Tvö mál voru lögð fyrir fundinn sjálfan, svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ og málefni afreksíþróttar. Í lokin voru svo umræður um önnur mál og framtíðarsýn ÍSÍ. Um það sköpuðust líflegar umræður en góðar. Að fundi loknum var boðið til kvöldverðar í boði ÍSÍ.

Jóhanna Sigrún formaður mætti fyrir hönd UDN.

Aðrir viðburðir sem UDN hélt eða sótti

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinir fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kökuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins annað árið í röð.

UDN átti 14 keppendur á ULM á Sauðárkróki. Þreytt var keppni í fótbolta, körfubolta, bogfimi, frjálsum íþróttum, strandblaki, pílukasti, kökuskreytingum svo eitthvað sé nefnt. Okkar iðkendur stóðu sig með þryði. Það ríkti almennt gleði, jákvæðni og áhugi enda er það stóri tilgangur ferðarinnar, ekki satt? En auðvitað langar flesta undir niðri að standa framarlega meðal jafningja og að bæta sinn árangur. Það tókst mörgum og stóðu sumir meira að segja á palli með gull, silfur eða brons um hálsinn. Góðir dagar á Sauðárkróki, veðrið gott, stemming í tjaldbúðum, ungmenni að hlaða í reynslubankann og einhverjir að eignast vini til framtíðar, foreldrar og forráðamenn hitta gamla vini og félagi á hliðarlínunni. Allt þetta var síðan toppað með glæsilegri flugeldasýningu. Þetta gerist ekki betra.

Kvöldmót

UDN hefur í mörg ár haldið kvöldmót í frjálsum íþróttum. Svo var einnig í ár og voru þrjú kvöldmót haldin. Stjórn UDN sá um framkvæmd við mótin. Mæting var góð og það ríkti gleði á mótisstað.

UDN hlaup

Áralöng hefð er fyrir víðavangshlaupi UDN og fór það fram í apríl í tengslum við dagskrá Jörfagleði. Þátttakan í ár var ekki gífurleg en það hlupu nokkir góðir Dalamenn.

Lokahóf UDN

Enn ein hefðin er að UDN haldi lokahóf í haustbyrjun þar sem iðkendur og foreldrar koma saman og veittar eru ýmsar viðurkenningar, grillað og farið í leik. Mun þetta vera síðasta skiptið í bili sem UDN heldur lokahóf. Mun þetta færast inn til félaganna í staðinn.

Samstaða um eflingu íþróttastarfs

Samstaða um eflingu íþróttastarfs á landinu Með stuðningi stjórnvalda ætla ÍSÍ og UMFÍ að setja á laggirnar átta starfsstöðvar um allt land sem munu þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins. Einnig verður stofnaður svokallaður hvatasjóður sem hefur það markmið að jafna tækifæri allra barna til þátttöku í íþróttum. Sérstök áhersla verður lögð á fötluð börn og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Öflugt íþróttastarf er lykilþáttur í að stuðla að farsæld barna og eru áherslur starfsstöðvanna að mörgu leyti þær sömu og í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Vonast er til að með tilkomu starfsstöðvanna verði hægt að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni með skilvirkari hætti. Stofnaður var starfshópur með það að markmiði að móta starfsemi nýju svæðisskrifstofanna og var óskað var eftir tilnefningum frá öllum íþróttahéruðum varðandi fulltrúa fyrir þeirra hönd. Var Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri UMSB, tilnefnd fyrir hönd íþróttahéraðanna á Vesturlandi.

Vesturlandssamstarf

Gott samstarf hefur myndast hjá framkvæmdarstjórum héraða og bandalaga á Vesturlandi. Gunnhildur Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri HSH, Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður UDN, Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA og Bjarney Bjarnadóttir framkvæmdastjóri UMSB mynda Vesturlandsteymi og hjálpast að við að vinna að ýmsum málum og verkefnum hvað varðar starfið. Þó áskoranirnar séu mismunandi á milli svæða er gott að vera í góðu samstarfi við aðra í sömu stöðu. Að hlusta á gagnrýni, fá önnur sjónarhorn á starfið og samræma ákveðna þætti sem hægt er að samræma gerir starfið faglegra fyrir hvert samband.



Lottó úthlutun - samþykkt á sambandsþingi 24. apríl 2023

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frest sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert. Aðildarfélög þurfa einnig að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á aðalfundargerðum til UDN.

Liður 1: skipting á lottótekjum

70% til aðildarfélaga
30% til UDN

Forsendur til úthlutunar: að félag sé með skipulagt starf fyrir ungmenni og börn og skili inn skýrslu til UDN með útlístun á starfinu

Liður 2: Skipting milli aðildarfélaga:

- 10% jafnt á milli allra félaga með **virka** starfsemi
- 25% eftir fjölda **iðkenda** 16 ára og eldri
- 65 % eftir fjölda **iðkenda** 15 ára og yngri

Viðurkenningar

UMFÍ

Gullmerki

2018 Jóhann Eysteinn Pálmason

Starfsmerki

1988 Sveinn Gestsson

1991 Gísli Gunnlaugsson

1994 Sigrún Halldórsdóttir

1998 Guðmundur Gunnarsson

2005 Jóhann Pálmason

2007 Finnbogi Harðarson

2017 Arnar Eysteinnsson og Þórður Ingólfsson

2018 Kristján Jóhannsson

Jón Egilsson

Hrefna Sumarlína Ingibergsdóttir

Herdís Erna Matthíasdóttir

Ingveldur Guðmundsdóttir

2021 Eypór Gíslason

Svala Svavarsdóttir

Egill Sigurgeirsson

ÍSÍ

Gullmerki

2013 Finnbogi Harðarson

2021 Heiðrún Sandra Grettisdóttir

Silfurmerki

2007 Einar Jón Geirsson

2018 Bryndís Karlsdóttir

Gústaf Jökull Ólafsson

Ingvar Samúelsson

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Svanborg Guðbjörnsdóttir

2021 Ingibjörg Jóhannsdóttir

Margrét Jóhannsdóttir

Íþróttamanneskja UDN 1982-2022

1982	Pórolfur Sigurðsson	
1983	Ólöf Björg Einarsdóttir	
1984	Hálf dán Kristinsson	
1985	Ellert Finnbogason	
1986	Steinunn Hannesdóttir	
1987	Arngrímur Guðmundsson	Frjálsar íþróttir
1988	Arngrímur Guðmundsson	Frjálsar íþróttir
1989	Arngrímur Guðmundsson	Frjálsar íþróttir
1990	Gunnlaugur Vésteinsson	Frjálsar íþróttir
1991	Gunnlaugur Vésteinsson	Frjálsar íþróttir
1992	Finnbogi Harðarson	Frjálsar íþróttir
1993	Íris Hrund Grettisdóttir	Frjálsar íþróttir
1994	Ingi Magnús Ómarsson	
1995	Ingi Magnús Ómarsson	
1996	Anton Axelsson	Frjálsar íþróttir
1997	Ragnar Hrafn Svanbergsson	
1998	Jósep Magnússon	Frjálsar íþróttir
1999	Jósep Magnússon	Frjálsar íþróttir
2000	Helga Dóra Rúnarsdóttir	Frjálsar íþróttir
2000	Helgi Guðmundsson	Frjálsar íþróttir
2001	Svana Hrönn Jóhannsdóttir	Glíma
2002	Svana Hrönn Jóhannsdóttir	Glíma
2003	Svana Hrönn Jóhannsdóttir	Glíma
2004	Sólveig Rós Jóhannsdóttir	Glíma
2005	Sólveig Rós Jóhannsdóttir	Glíma
2006	Ekki valið	
2007	Svana Hrönn Jóhannsdóttir	Glíma
2008	Svana Hrönn Jóhannsdóttir	Glíma
2009	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Glíma
2010	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Glíma
2011	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Glíma
2012	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Glíma
2013	Ekki valið	
2014	Sólveig Rós Jóhannsdóttir	Glíma
2015	Vignir Smári Valbergsson	Frjálsar íþróttir
2016	Laufey Fríða Þórarinsdóttir	Hestar
2017	Ekki valið	
2018	Ekki valið	
2019	Ekki valið	

Framhald		
2020	Ekki valið	
2021	Jóhanna Vígdís Pálmadóttir	Glíma
2022	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Glíma

Reikningar UDN 2023